



Reglugerð nr. 1/2020 um vantraust

I kafli Vantraustsyfirlýsing

1. grein
Boðun fundar

Löglega boðaður félagsfundur eða fundir í deildum félagsins geta samþykkt í atkvæðagreiðslu að lýsa yfir vantrausti á stjórn félagsins.

2. grein
Atkvæðagreiðsla

Kjörstjórn félagsins skal tilkynnt um atkvæðagreiðslu og hefur hún umsjón með framkvæmd atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

3. grein
Kjörsókn

Til að félagsfundur geti lýst yfir vantrausti þurfa hið minnsta að sitja fundinn og vantraust samþykkt af $\frac{2}{3}$ fundarmanna.

Til að deildarfundur geti samþykkt vantraust skal $\frac{2}{3}$ félagsmanna innan deildar samþykkja það í atkvæðagreiðslu.

4. grein
Tilkynning um vantraust

- Fulltrúi viðkomandi deildar sendir formanni Fulltrúaráðs vantraustið með rökstuðningi.
Formaður Fulltrúaráðs getur óskað eftir frekari upplýsingum og eða gögnum frá deild sem lýsir yfir vantrausti.
Þegar Formaður Fulltrúaráðs metur að gögn í málinu séu næg til að taka það til efnislegrar meðferðar skal hann tilkynna Fulltrúaráði og stjórn félagsins um vantraustsyfirlýsinguna.
- Stjórn hefur 14 daga til að skila inn andmælum
- Frá þeim tíma sem andmæli frá stjórn berast skal Fulltrúaráð funda innan 14 daga en gilda þá lög félagsins um aðra fundi Fulltrúaráðsfundi.
- Formaður Fulltrúaráðs getur kallað til stjórnarmenn á fund til að gera grein fyrir máli sínu.

II. kafli Málsmeðferð Fulltrúaráðs

5. grein.

Niðurstaða Fulltrúaráðs geta verið eftirfarandi.

5.1 Fulltrúaráð vísar málinu frá vegna formgalla.



5.1.1 Vantraust verður að vera byggt á broti á almennum lögum, lögum félagsins eða reglugerðum þess eða öðrum samþykktum. Tómlæti getur einnig verið grundvöllur vantrausts yfirlýsingar.

5.1.2 Hafi vantraustsyfirlýsingu á sama grundvelli áður komið til álita hjá Fulltrúaráði á kjörtímabili sitjandi stjórnar skal vísa henni frá. (non bis in idem)

5.2 Fulltrúaráð samþykkir að ganga til atkvæðagreiðslu um vantraustsyfirlýsingu. Sé það samþykkt af $\frac{2}{3}$ Fulltrúaráðs skal stjórn stíga til hliðar og formaður Fulltrúaráðs tekur við hlutverki formanns félagsins fram að auka aðalþingi sem halda skal innan 6 vikna en um það gilda sérstakar reglur sem lagðar eru fram í undirkafla aðalþings.

5.3 Sé vantraustið felld af Fulltrúaráði skal málið láta niður falla.

5.3.1 Fulltrúaráð getur skorað á stjórn að bæta úr starfsháttum sínum og samþykkir yfirlýsingu þess efnis. Slík yfirlýsing þarf samþykki meirihluta Fulltrúaráðs.

5.4 Bæti stjórn ekki úr starfsháttum sínum innan þriggja mánaða skal Fulltrúaráð taka vantrausts yfirlýsingu aftur til efnislegrar meðferðar.

Reglugerð samþykkt á 18. þingi LSS, 24. september 2020.